

8. kafli

Stórveldi í Afríku og á Indlandi


8

Stórveldi í Afríku

2.000 f.Kr. – 1.000 e.Kr.

Fornaldir 10.000 f.Kr. –
500 e.Kr.**Núbía (Kúsh):**

- Fyrsta meiriháttar menning Afríku var **Núbía**, suður af Egyptalandi sem var konungsríkið **Kúsh** um 2.000 f.Kr.
- Kúsh var auðugt af verslun milli Egyptalands og landsvæðanna suður af Núbíu.
- Egyptar herjuðu oft á **Kúshríkið** og höfðu yfirleitt yfirhöndina en árið **728** f.Kr. snerist dæmið við er **Kúshríkið lagði undir sig Egyptaland** og stjórnðu því í heila öld.
- Kúshríkið byggði smápýramída og var þekkt fyrir járnvinnslu.
- Afkomendur þeirra eru Núbíumenn í Súdan.




Stórveldi í Afríku

2.000 f.Kr. – 1.000 e.Kr.

Nok:

- Í **Vestur-Afríku** lagði **Nokþjóðflokkurinn** undir sig stór svæði um **600** f.Kr. og varð þekkt fyrir landbúnað og járnvinnslu til **200** e.Kr.
- Urðu þekktir málmsmiðir og unnu einnig fagra gripi úr leir, sérstaklega leirstyttur, ásamt gripum úr gulli.
- Afkomendur þeirra í dag eru **Yorubamenn** í Nígeríu og nágrannaríkjum þess.



Stórveldi í Afríku

2.000 f.Kr. – 1.000 e.Kr.

Fornaldir 10.000 f.Kr. –
500 e.Kr.

Axúm:

- Konungsríkið **Axúm** í núverandi Norður-Eþíópíu varð að stórveldi um **150** e.Kr.
- Axúm byggði vald sitt á verslun með þræla, krydd og fílabein, sérstaklega við Arabana.
- Voru þekktir fyrir **obelixana** sem er minningarstandur úr steini um ágæta konunga landsins.
- Voru einnig mikið siglingaveldi.
- Um 450 e.Kr. snerust **Axúmmenn** til **kristinnar trúar** og lögðu þá undir sig hluta af strandsvæði Arabíu þar til **múslímatrúin** hrakti þá á brott þaðan.





Stórveldi á Indlandi

321 f.Kr. – 550 e.Kr.

Fornaldir 10.000 f.Kr. –
500 e.Kr.

8



- Um **321** f.Kr. gerði ungur konungur, **Chandragupta Maurya**, ríki sitt að **fyrsta stórveldinu á Indlandi** með landvinningum frá Hindukushfjöllum í vestri til Bengal í austri.
- Sonarsonur hans, **Ashoka Maurya hinn mikli**, sameinaði síðan mest allt Indland í eitt stórveldi eftir **269** f.Kr.
- Eftir sérlega blóðuga orrustu árið 260 f.Kr. bauð honum svo við drápunum að hann **snerist til búddhatrúar**.
- Næstu ár á eftir einbeitti hann sér að því að bæta aðstæður þegna sinna.
- **Umburðarlyndi, friður** og **virðing** fyrir öðrum urðu hans einkunnarorð sem mesta stórkonungs Indlands.
- Eftir hans dag sundraðist Indland í mörg smáríki.
- **Guptaættin** ríkti lengi yfir Norður-Indlandi en það var annar gullaldartími í sögu Indlands.
- Þá döfnuðu listir, bókmenntir, vísindi, læknisfræði og stærðfræði.
- **Hindúasiður** tók síðan við **búddhasið** sem aðalátrúnaður í veldinu með **sanskrit** sem það tungumál sem talað við við hirðina.

